

49 hina stimpilskyldu upphæð, ber að áætla hana það háa, að víst sé um það, að söluverð eða leiga hafi ekki hærra verið í raun og veru. Verð fasteigna undir slíkum kringumstæðum skal aldrei áætla lægra en tvöfalt fasteignamat hinnar seldu eignar. Ef gjaldandi er óánægður með ákvörðun gjaldsins, getur hann skotið því undir úrskurð stjórnarráðsins innan tveggja mánaða, en fylgja skal jafnan umsögn stimplunarmanns. Ef hlutaðeigandi vill eigi heldur una við úrskurð stjórnarráðsins, getur hann lagt málið undir dómstólana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*

50

30. júní

## BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar.

### RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Ráðherra sá, sem fer með tryggingamál, hefur tjáð mér það, að með því að breyting sú, sem gerð var á lögum um tekju- og eignarskatt á síðasta Alþingi, er hætt var að leyfa frádrátt á greiddum skatti og útsvari, hafi það í för með sér að fleiri gjaldendur, en búist var við eftir hinum eldri ákvæðum hafi nú meiri skattskyldar tekjur, en þær 4500 kr., sem ákveðið er í 24. gr. laga nr. 74 31. desember 1937, um alþýðutryggingar, sem hámark fyrir því að njóta samlagsréttinda gegn einföldu iðgjaldi, þá telji ríkisstjórnin það mjög aðkallandi, að téð hámark verði með bráðabirgðalögum hækkað upp í kr. 5500.00.

Með því að ég fellst á, að brýn nauðsyn beri til þess að skipa framangreindu máli nú þegar í samræmi við það, sem að ofan segir, tel ég rétt að setja, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar, bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Í 24. gr. laganna í stað „kr. 4500.00“ komi: kr. 5500.00.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1942.

*Gjört í Reykjavík, 30. júní 1942.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jakob Möller.*